# Hulda Valdimarsdóttir

Fædd 13. maí 1936
Látin 25. október 2024

Grundarfjarðarkirkja, föstudaginn 1. nóvember 2024





# Forspil

Blessuð sértu sveitin mín
Sigurður Jónsson / Bjarni Þorsteinsson

# Bæn







Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri' í fjarska villtan vængjaþyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Davíð Sefánsson / Atli Heimis Sveinsson

# Ritningarlestrar





Fögur er foldin,
heiður er Guðs himinn,
indæl pílagríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílagrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng , er aldrei þver:
Friður æa foldu,
fagna þú, maður,
frelsari heimsins fæddur er.

Matthías Jochumsson / Lag frá Slésíu

# Guðspjall

Íslenska konan
Ómar Ragnarsson / Billy Joel



# Minningarorð

Góða ferð
Jónas Friðrik Guðnason / José Feliciano



# Bæn og Faðir vor



Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég veit, minn ljúfur lifir
lausnarinn himnum á,
hann ræður öllu yfir,
einn heitir Jesús sá,
sigrarinn dauðans sanni
sjálfur á krossi dó
og mér svo aumum manni
eilíft líf víst til bjó.

*Moldun*

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson / Hans Tömissons



# Útspil

Largo

Händel





Prestur: Sr. Laufey Brá Jónsdóttir
Undirspil: Lilja Eggertsdóttir
Einsöngur: Thelma Hrönn Steindórsdóttir
Útfararþjónusta: Hörður Sigurðsson
Uppsetning sálmaskrár: Hrafnhildur Jóna / Krums

Viðstöddum er boðið að þiggja veitingar í Samkomuhúsi Grundarfjarðar að athöfn lokinni

*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug*